


JÓL
1993



ÍSLAND 30⁰⁰



FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

2. árg. 3. tbl. nóv. 93.

Inga Lára Baldvinsdóttir
Garðhúsum
820 Eyrarbakki

Ágætu félagar

Þegar þið fáið þetta bréf í hendur verður langt liðið að jólum og margir eflaust önnum kafnir við jólaundirbúning, hvort sem er á safnasviðinu eða í heimahúsum. Bréf þetta hefði átt að vera komið til félagsmanna fyrir nokkru en ýmsar tafir urðu en von okkar er að það komi ekki mikið að sök.

Það sem ber hæst í safnamálum á haustönn er að sjálfsögðu farskóli safnmannna og verður þetta fréttabréf að mestu helgað umfjöllun um hann. Þeir sem við höfum heyrt í og sottu skólann lýstu yfir ánægju sinni með þá aðstöðu og dagskrá sem boðið var upp á. Er öllum sem hönd lögðu á plóginna þakkað gott framlag.

Eins og þið hafið tekið eftir er umræðan um þjóðminjalögin enn á dagskrá og voru breytingar eða öllu heldur leiðréttigar á lögunum ræddar á almennum félagsfundi fyrir nokkrum vikum.

Félagsmenn fá með þessu bréfi frumvarp til laga um yfirstjórn menningarstofnana sem félaginu hefur verið sent til umsagnar. Í bréfinu er einnig pistill frá Guðnyju Gerði Gunnarsdóttur, um þátttöku hennar fyrir hönd félagsins, í fundi norrænna safna- og safnmannafélaga.

Næsta ár verður stórt ár á mörgum söfnum þar sem þjóðin minnist 50 ára lýðveldisafmælis. Það væri mjög gott ef hægt væri að deila upplýsingum um hvað hvert safn hyggst gera og við gætum þá kannski hjálpast að.

SÁJ

FRÁ STJÓRN

Stærsti viðburður í starfi Félags íslenskra safnmannna frá því að síðasta fréttabréf kom út í vor sem leið er að sjálfsögðu farskólinn sem þær Sigríður Sigurðardóttir og Sigrún Ásta Jónsdóttir segja frá á öðrum stað í bréfinu. Í framhaldi af umræðum þar voru skipaðar tvær nefndir í féluginu. Önnur á að ræða um söfnunarstefnu. Í henni sitja Inga Lára Baldvinsdóttir, Lilja Árnadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Þóra Magnússon og Helgi Sigurðsson. Hin er um markmið Félags íslenskra safnmannna. Í henni eru framsögumennir um það efni frá Farskóla, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttur auk Þóru Kristjánssdóttur. Félagar sem vilja koma einhverju á framfæri varðandi þessi mál eru beðnir að hafa samband við ofangreinda.

Þá hefur stjórn F.Í.S. farið þess á leit við Listasafn Íslands, Árbæjarsafn og Þjóðminjasafn - við góðar undirtektir - að þau bæti á boðsgestaskrár sínar félögum sem þar eru ekki fyrir svo að safnamenn um land allt megi fylgjast með helstu viðburðum. Því er hér með beint til starfsmanna á öðrum söfnum að gera slíkt hið sama.

Fundur um breytingar á Þjóðminjalögum var haldinn 27. okt. Fundurinn var fjöldóttur (eins og allir fundir FÍS sl. ár) og málefnalegar umræður urðu um breytingartillögurnar. Fundargerð frá fundinum var send til menntamálaráðuneytisins ásamt skriflegum athugasemnum frá þremur félögum sem ekki komust á fundinn. Þeir félagsmenn sem óska eftir að fá afrit af þessum gögnum snúi sér til stjórnar.

Með þessu fundarboði fylgir lagafrumvarp um yfirstjórn menningarstofnana sem félagið hefur verið beðið að skoða. Við höfum ákvæðið að hafa sama háttinn á varðandi athugasemdir félagsins og petta verður rætt á fundinum þann 9. des. Þeir sem ekki hafa tök á því að sitja þann fund geta komið skriflegum athugasemnum til stjórnar.

Á fundinum 9. des varður jafnframt rætt um farskóla. Hugmyndir eru í deiglunni um að hann verði haldinn á Austurlandi næst um efnið: Tölvuskráning og safnastefna. Kannské eru einhverjur með aðrar hugmyndir í pokahorninu. Petta kemur allt í ljós. Þá ætlar Guðný Gerður Gunnarsdóttir að segja frá fulltrúafundi norrænna safnmannafélaga sem hún sótti í Kaupmannahöfn á dögum, en þar var rætt margt af því sama og menn hafa verið að velta fyrir sér hér, fjármögnun safna, markaðsmál og ferðaþjónustu svo að eitthvað sé nefnt. Stjórninni til stórrar gleði hefur Hildur Hákonardóttir fyrrverandi formaður F.Í.S fallist á að flytja Kyndilmessuerindið 1994. Það ber heitið "Áttskipta árið" (e.t.v. kvenleg ábót á hátiða- og tímatalsfraði Árna Björnssonar). Við þurum að taka afstöðu til þess hvernig við ætlum að haga Kyndilmessuhátiðinni. Á að vera þorrablót og harmonikuball helgina á undan eða eftir eins og við héldum í fyrra - eða eignum við að halda okkur við kyndilmessuna sjálfa, jafnvel þó að hún sé á miðvikudegi eins og sú sem nú fer í hönd. Það er að mörgu að gá kæru félagar eins og hér sést. Hittumst hress og kát þann 9. des. næstkomandi kl 17.00 í Þjóðminjasafni og ræðum málín.

STJÓRNIN

Farskóli safnmanns, að Löngumýri í Skagafirði, 9. til 11. september 1993.

Flestir mættu á fimmtdagskvöldið og var tekið á móti fólk af hússtýru staðarins Margréti Jónsdóttur.

Skólinn sjálfur var settur á föstudaginn eftir morgunmat. Aðalefni skólans var fyrirlestur Magnúsar Pálssonar viðskiptafræðings og kennara, sem hann nefndi "Ný viðhorf í markaðsmálum". Þar kynnti hann nokkur atriði í markaðsfræði sem gætu nýst söfnum í markaðssókn þeirra. Stóð fyrirlesturinn yfir ásamt umræðum og hléum fram að kaffi um fjögar leytið. Að því loknu var farið í skoðunarferð, og þrjú söfn skoðuð, Glaumbær þar sem að safnvörðurinn Sigríður Sigurðardóttir tók á móti nemendum, þá einkasafn Kristjáns Runólfssonar á Sauðárkróki og að lokum safn Kristjáns Jóhannessonar, Reykjum. En hanin hafti smiðað sérstak safnhús í túngarðinum hjá sér. Það var virkilega áhugavert að sjá þessi þrjú söfn og ekki síst fyrir hve ólík þau voru.

Eftir kvöldmat fluttu Hrefna Róbertsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir erindi um hver markmið félagsins ætluð vera. Erindi Hrefnu er með í þessu fréttabréfi en erindi Guðnyjar komst ekki í tæka tíð.

Um kvöldið komu tveir skagfískir bræður í heimsókn, þeir Pétur og Sigfús Péturssynir ásamt undirleikaranum Stefáni Gíslasyni og sungu með okkur, tóku þó nokkuð margir undir og skemmtu allir sér hið besta.

Á laugardaginn var vaknað snemma. Eftir morgunmat fluttu Inga Lára Baldvinsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir erindi um söfnunarstefnu, þau eru bæði með í þessu fréttabréfi. Guðný Gerður Gunnarsdóttir kynnti flokkunarkerfið "Outline". Niðurstöður úr hópum voru kynntar og eru þær í þessu bréfi. Þá voru umræður og kosið í nefndir. Eftir hádegishlé var síðan haldið til Siglufjarðar og Höfsóss. Leiðsögumaður í þeirri ferð var Hjalti Pálsson, skjalavörður. Það var Síldarminjasafnið á Siglufirði og Siglufjarðarkaupsstaður sem tóku á móti safnmönnum. Fyrst var Síldarminjasafnið skoðað og síðan var farið niður á "bryggju" og leikfélag Siglufjarðar mætti með síldarstúlkur og síldarkalla það var saltað á planinu, og dansað, bæjarstjórinn bauð alla velkomna og veitt var ríkulega. Allir fóru mikil glaðir frá Siglufirði. Við heimsóttum Pakkhúsið á Höfsósi í boði Hofshrepps og byggðasafns Skagafirðinga. Þar voru þjóðlegir réttir og urðu menn enn glaðari að lokinni þeirri för. Eftir þessa heimsókn héldu margir heimlejðis en aðrir gистu eina nótt í viðbót í Skagafirði.

SÁJ & SS

Hverju á að safna?

Þegar stórt er spurt verður oft lítið um svör.

Á Austurlandi eru þrjú minjasöfn starfandi og jafnmörg á undirbúningsstigi. Fyrir 20 árum var mörkuð sú stefna í safnamálum þar að skoða Ausurlandskjördæmi sem eitt safnasvæði og hafa söfnin sérhæfð hvert á sínu svíði. Í því fólst að sjálfssögðu að söfnin legðu áherslu á að safna ákveðnum minjum og hefðu verkaskiptingu sín á milli. Í upphaflegri stefnuskrá er upptalning á söfnum og sérsviði þeirra.

Þegar meta á árangurinn af 20 ára tilveru safnastefnu á Austurlandi er ljóst að mjög misvel hefur tekist að efla söfnin hvert á sínu svíði. Ástæðurnar eru margar. Hér verður aðeins drepið á nokkrar þeirra. Þá verður staða Minjasafns Austulands skoðuð sérstaklega í þeim tilgangi að undirstrika mikilvægi þess að hafa ákveðna söfnunarstefnu.

Ein meginástaðan fyrir svo blönduðum söfnum er óvaninn við sérhæfinguna. Sú hugsun að minjasöfnin taki aðeins við ákveðnum hlutum og hafni öðrum er mörgum framandi, enda er venjan önnur. Gefendur koma með muni til síns safns og safnvörðurinn vísar þeim ógjarnan frá af ýmsum ástæðum. Ein ástæðan er sú að það vekur oft lítinn fógnuð hjá gefandanum ef honum er vísað á safn í öðru byggðarlagi og engin trygging fyrir því að hann hafi fyrir því ómaki. Skipulagsskrár safnanna eru oft með því orðalagi að safna "menningarminjum af svæðinu" og þar með er safnverðinum gert erfitt fyrir með að velja og hafna. Þannig rata rokkarnir inn á sjóminjasafnið og rúmfjalirnar á tækniminjasafnið.

Önnur ástæða er óvaninn við samvinnu milli safna. Það er metaðarmál hvers safnvarðar að eiga gott safn gripa. Allir hafa tilhneigingu til að halda utan um sitt. Sérstaklega er gaman að eiga gripi úr byggðarlaginu og þá ekki síst úr eigu nafnkunnra manna og er þá aukaatriði hvort gripirnir eiga samkvæmt skilgreiningu að vera í safninu. Margir aðstandendur safna og safngestir kjósa margbreytileikann fremur en mjög mikla sérhæfingu.

Þriðja ástæðan er að sveita- og bæjarstjórnunum hefur ekki verið nægilega ljós þessi safnastefna og ýmsir hafa ekki sinnt því hlutverki sem þeim var ætlað á safnasviðinu.

Fjórða ástæðan er að ekki hefur reynst grundvöllur fyrir meiri sérhæfningu, til dæmis vegna þess að ekki er til nógu mikil af minjum, ekki áhugi heima í héraði eða að fyrirhuguð sérsöfn hafá farið forgörðum áður en af þeim varð eins og kirkjan í Heydölum sem brann áður en kirkjumunasafnið náði að verða til. Fleira mætti nefna en þetta verður látið nægja.

Minjasafn Austurlands var stofnað 1943 og þá safnað um 400 númerum af um 2.600 sem nú eru. Uppistaðan í safninu eru gripir sem eiga rætur að rekja til seinni hluta 19. aldar, bændasamfélagsins sem var að hverfa um miðja þessa öld. Það sama má segja

um önnur söfn hér eystra. Söfnunarstefnan var að því leyti markviss frá byrjun, að safnað var minjum frá þessu tímabili og hefur því verið haldið áfram. Þegar minjum bændasamfélagsins sleppir kemur eyða í safnið. Það sem er varðveitt frá seinni áratugum er mjög tilvilanakennt.

Safninu var sett stofnskrá í byrjun en mjög almennt orðuð. Því hefur svo verið ætlað það hlutverk í heildarmyndinni að vera búminjasafn Múlasýsla með aðsetur á Egilsstöðum.

Með petta fyrir augum hafa verið gerð söfnunarátök einstaka sinnum en allt of sjaldan. Safnið hefur heldur ekki haft fastan starfsmann fram til þessa. Meirihluti þeirra muna sem hafa bæst við á síðustu áratugum hafa "borist" safninu, og hefur verið tekið við öllu. Nú lýkur senn 50 ára húsnæðishrakningasögu Minjasafnsins þegar það kemst í nýbyggt safnhús. Nú þarf að gera sýningar úr eignum safnsins og er úr vöndu að ráða.

Það kemur í ljós að ómögulegt er að gera sýningar um samfellda þróun búháttá á safnsvæðinu. Jafnvel þótt hugtakið búhættir væri prengt niður í sögu eins meðalbýlis væri ekki auðvelt að gera sýningu úr því sem til er.

Þegar tekið er mið af þeim gripum sem til eru í safninu væri auðveldast að setja upp hefðbundna sýningu um heimilishald og árstíðabundin störf eins og þau voru fyrir 100 árum

Það hefur hins vegar verið rætt að hverfa að því ráði að gefa í sýningum innsýn í nokkra þætti menningarsögurnar með áherslu á það sem er sérstakt fyrir safnsvæðið. Það er mikilvægt að tilvonandi safngestir fái vitneskju um sögu þess byggðarlags sem þeir eru staddir í og heimamenn eiga að líta á safnið sem "sitt" safn þar sem þeir þekkja sig aftur.

Petta þýðir að sérhaefing á búháttasviðinu víkur að einhverju leyti fyrir því sem er sérstakt og einkennandi fyrir svæðið. Þótt það komi búskap ekki við enda má segja að samsetning safngripanna bjóði ekki upp á annað.

Til að koma sýningunum upp verður að safna markvisst því sem á vantar. Ef af þeim verður lenda margir safngripir óhjákvæmilega í geymslum og bíða betri tíma. Sumum væri rétt að koma í varðveislu á öðrum söfnum.

Til að léfta undir með safnverðinum í framtíðinni þarf að gera nákvæmari skilgreiningu á því hvaða deildir eru í safninu, hverju á að safna. Þá þarf að gera áætlun um sýningar nokkur ár fram í tímann til að gera safnverðinum kleift að safna því sem við á.

Í stuttu máli er vel skilgreint starfssvið og virk söfnun í samræmi við það, sú undirstaða sem minjasöfnin þurfa að byggja á. Skipulagt sýningahald fram í tímann er líka nauðsynlegt.

Safnstjórnir, safnverðir og safngestir þurfa að venja sig við samvinnu og verkaskiptingu milli safna og við að skoða varðveislumálin í viðari samhengi en bara að hreppamörkunum. Langtímalán milli safna eiga ekki að vera neitt vandamál. Ef rokkurinn í sjóminjasafninu er betur komin í öðru safni og öðru samhengi, á að flytja hann á milli, þótt amman sem átti hann hafi alftaf spunnið á hann heima í byggðarlaginu. Það er haegt að skrá rokkinn sem eign sjóminjasafnins samt sem áður.

Reynslan af Austurlandi er sú að söfnin hafa orðið meira blönduð en e.t.v. var ætlunin. Hér áðan var getið helstu ástæðna til þess, sumt af þeim eru góðar ástæður, eins og sú að mörgum finnst sundurleitt safn skemmtilegt og vilja ekki lúta neinum reglum um það hvað má og hvað ekki. Það er hins vegar ekki gott að segja hvað verður í framtíðinni. En í öllu því flæði af dóti sem framleitt er virðist ekki önnur leið fær þegar til lengri tíma er litiið, en að söfnin skipti með sér verkum og skilgreini hlutverk sitt hvert og eitt vandlega.

Byggt á framsögu um söfnunarstefnu farskóla safnmanna á Löngumýri.
Guðrún Kristinsdóttir

STEFNA Í SÖFNUNARMÁLUM

Fagleg umræða um safnamál er mjög takmörkuð hér á landi. Að hluta til kann það að helgast af þeim einyrkjabúskap, sem ríkir í greininni. Það rekstrarform að hafa einn starfsmann á safn eða einn starfsmann á deild, þar sem starfsmenn eru fleiri, bitnar á ýmsu m.a. skipulagi og stefnumótun. Framtíðarstefna einstakra safna er ekki til nema í hugum þeirra einstaklinga sem eru í forsvari fyrir þeim. Þörf er á aukinni stefnumótun á mörgum sviðum safnastarfsins. Það myndi skila markvissara starfi og betri árangri. Að hverju er verið að vinna, til hvers og fyrir hverja.

Hér skal þó aðeins rætt um einn afmarkaðan þátt: stefnumótun í söfnunarmálum.

Stefna í söfnunarmálum hlýtur að vera nátengd umræðu um aukna sérhæfingu safna og líka því hvort söfn eru aðeins hugsuð sem áningarástaðir ferðamanna eða lifandi stofnanir innan þess samfélags sem þær starfa í og því verður þetta tvennt jafnframt gert að umtalsefni hér.

Áður en lengra er haldið er rétt að útskýra hvað átt er við með söfnunarstefnu. Hvert safn skilgreinir hverju það ætlar að safna. Lauslegar skilgreiningar á því eru að sönnu til í hugum þeirra sem þær starfa, en hér er ælast til að sett sé fram í skriflegri stefnu umfang safnsins og hvaða munir það eru sem eiga að mynda stofninn í safninu. Um leið er komið fram gagn sem hægt er að nýta bæði í markvissu söfnunarátaki og þegar bregðast á við þegar safni eru boðnir tilteknir hlutir.

Eftir því sem ég fæ best séð er söfnunarstefna íslenskra safna í dag einföld: Að taka það sem að þeim er rétt. En því hefur ekki alltaf verið pannig háttáð.

Sigurður Guðmundsson var fyrsti starfsmaður Þjóðminjasafnsins og hafði móttandi áhrif á starfsemi þess fyrsta áratuginn. Það er á fárra vitorði að Sigurður starfaði að söfnun gripa eftir mótaðri áætlun. Áætlunina sem varðveitt er í gögnum Sigurðar í Þjóðminjasafni kallar hann: Plan forngripasafnsins eptir hverju á að safna. Sigurður skiptir safngripunum niður í nokkra flokka:

1. Vopn þar með taldar brynjur.
2. Leifar af fornum húsakinnum (inventarium) og húsbúnaði.
3. Kirkjugripir
4. Klæðnaður karla og kvenna
5. Hestbúnaður alls konar
6. Alls konar fáséð verkfæri
7. Borðsilfur
8. Elsta prent frá prentsmiðjum landsins
9. Myndir af fólk og öðru.

Í hverjum flokki eru síðan tilgreindir með hlutaheitum nokkrir tugi gripa.

Sigurður hefur notað þetta plagg markvisst því hann merkir við þá gripi sem safnið hefur eignast og skrifar fjöldla einstakra gripa í safninu framan við heiti þeirra.

Ekki er mér kunnugt um að síðan hafi verið gerð skrifleg áætlun um söfnunarstefnu Þjóðminjasafnsins þó það kunni að vera. Hitt er hægt að fullyrða að slik stefna er ekki til í dag.

Við stofnun margra byggðasafna landsins var farið í söfnunarferðir um viðkomandi byggðalag og safnað munum til safnsins. Í sumum tilvikum stóðu heimamenn að söfnuninni eins og t.d. Skúli Helgason í Árnессýslu, Magnús Gestsson í Dalasýslu, Jón M. Guðjónsson á Akranesi eða Egill Ólafsson á Hnjóti en í nokkrum tilvikum vann Ragnar Ásgeirsson ráðunautur að sliku söfnunarstarfi eins

og við söfnin á Akureyri, Borgarnesi, Ísafirði, Kópaskeri, og Minjasafn Austurlands sem bráðlega verður til sýnis á Egilstöðum. Vel kann að vera að þessir einstaklingar hafi fyrirfram mótað söfnunarstefnu með sjálfum sér þó hitt sé liklegra að hún hafi mótað jafnharðan eftir því sem á starfið leið. En tímarnir eru breyttir. Þeirra söfnunarstarf beindist að gripum sem voru að hverfa. Starfið í dag gerir það í minna mæli, vandamálið er hversu margt og mikið á að vera til af hverju einu. Það er hægt að tilgreina sígild dæmi eins og rullur, prjónavélar og saumavélar. Spurningin er: Hvenær er nóg komið?

Þessi umræða um söfnunarstefnu dettur ekki af himnum ofan. Hún hefur verið og er í gangi í söfnum um allan heim. Við skulum byrja á að staldra við ICOM-alþjóðaráð safna. Samtökin hafa komið sér, saman um síðareglur fyrir safnmenn.

Priðji kafli reglnanna fjallar um aðföng safna. Fyrsta grein hans ber heitið söfnunarstefna. Hún hljóðar svo stytt í lauslegri þýðingu:

Yfirvöld hvers safns ættu að koma sér upp og prenta skriflega yfirlýsingum um söfnunarstefnu sína. Þessa stefnu ætti að endurskoða öðru hvoru, að minnsta kosti á fimm ára fresti. Þeir munir sem fengnir eru ættu að hafa þýðingu fyrir markmið og starfssemi safnsins.

Söfn ættu ekki nema í algjörum undantekningatilvikum að eignast gripi, sem safnið mun óliklega hafa tök á að skrá, varðveita eða sýna á sómasamlegan hátt.

Aðföng utan við viðurkennda söfnunarstefnu ættu aðeins að eiga sér stað í undantekningatilfellum og þá aðeins að vel athuguðu máli.

Fjórða grein sama kafla ber heitið Samstarf á milli safna um söfnunarstefnu. Hún hljómar svo:

Hvert safn ætti að gera sér ljósa þörfina á samstarfi og samráði á milli allra safna með svipuð eða sambærileg áhugamál og söfnunarstefnu og ættu að reyna að ráðfæra sig við slikein aðrar stofnanir þar sem um hagsmunárekstra gæti verið að ræða og almennt við að skilgreina sérhæfingu þeirra. Söfn eiga að virða viðurkennd mörk safnsvæða annarra safna og ættu að forðast að afla efnis með sérstök staðbundin tengsl eða sem væri áhugavert fyrir tiltekinn stað innan söfnunarsvæðis annars safns.

Textinn skýrir sig sjálfur. Hér er komið inn á ýmis áhugaverð atriði. Eins og t.d. að halda sér innan síns söfnunarsvæðis. Visast eru mörg söfn með ýmsa gripi innan sinna vébanda, sem með réttu ættu betur heima annars staðar. Til að móðga nú engan skal ég líta mér næst. Í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka eru t.d. munir af Vestfjörðum eins og ífæra úr Bolungarvík og kýrauga úr skipi þar vestra. Þar eru líka nýlega komin verkfæri úr skipasmiðastöð í Stykkishólmi og hvalbeinshlunnur úr Bjarnarhöfn. Þessir hlutir væru með réttu betur komnir annars staðar. Í þessum tilvikum hefði tvennt verið mögulegt. Að vísa fólk á söfn fyrir þessi svæði eða að hafa milligöngu um að koma hlutunum þangað. Það hefur reyndar líka komið fyrir að Byggðasafnið í Skógrum og Þjóðminjasafnið hafi notið góðs af aðföngum safnsins þegar talið hefur verið að hlutir væru betur komnir þar. Hér er sem sagt þörf á hreinni línum og vísast á það við viðar.

Hverfum nú aðeins til Bretlands. Árið 1983 er talið að um 42% safna þar í landi hafi verið með skriflega söfnunarstefnu og 27,5% með skriflega grisjunarstefnu. Fimm árum síðar 1988 voru tölurnar komnar upp í 70% með söfnunarstefnu og 49,2% með grisjunarstefnu. Nú svelgist liklega mörgum á orðinu grisjunarstefna. Í hugum okkar flestra er það skýrt að söfn safna munum til að varðveita þá að eilifu. Eins og orðið gefur til kynna er gert ráð fyrir þeim möguleika að söfn geti grisjað safngrípi í sinum fórum, selt, gefið, skipt eða eytt munum. Þess er

þó að gæta að miklar viðvaranir fylgja í allri umræðu um grisjunarstefnu að grisjun sé neyðarbrauð og fari ekki fram nema að vel athuguðu máli.

Eitt af því sem hefur þrýst á söfn í Bretlandi að vinna að slikri stefnumörkun er að þar hefur á undanförfnum árum verið unnið að skráningu og viðurkenningu safna á vegum Museums and Galleries Commisson undir heitinu Registration Scheme for Museums in the United Kingdom. Söfn sem ekki óska eftir slikri skráningu eða er synjað um hana hafa ekki rétt til að fá styrki eða liðveislu frá MGC eða safnastofnunum í sínu umdæmi. Auk þess gera ýmsir sjóðir sem styrkja safnastarfsemi þar í landi viðurkenningu MGC að skilyrði fyrir styrkveitingu. Megin markmið skráningarinnar er þó ekki að gera söfn óstyrkhæf heldur hitt að efла söfnin með því að koma sér upp einhverjum lágmarkskröfum fyrir þau að starfa eftir. Í umsókn um viðurkenningu er óskað upplýsinga um atriði um stofnunina sjálfa, fjárhag hennar, húsakynni, safnmuni, skráningu, forvörslu, aðbúnað gesta, opnunartíma og aðgang almennings, starfsmann, öryggismál og eitt af skilyrðunum er að með umsókn um viðurkenningu fylgi skrifleg söfnunar- og grisjunarstefna undirrituð af yfirmönnum viðkomandi safns. Tilraunir minar til að fá sýnishorn af slikum stefnuyfirlýsingum báru því miður ekki árangur fyrir tilsettum tíma. Þannig að ekki er unnt að bregða upp dænum af þeim að svo stöddu.

Hér hefur aðeins verið vitnað til tveggja aðila um nauðsyn þess að koma upp skriflegri söfnunarstefnu. Það væri hægt að halda áfram að vitna til stofnana út um allan heim, en hér skal staðar numið.

Samkvæmt nágildandi þjóðminjalögum þurfa söfn að hljóta viðurkenningu þjóðminjaráðs til þess að eiga rétt á styrkjum frá hinu opinbera. Í tengslum við þá viðurkenningu var einkum unnið að því að gera tvennt. Í fyrsta lagi var skilyrt að stofnanir störfuðu samkvæmt reglugerð eða samþykkrum, en þær voru óviða til. Í öðru

lagi gerðu forverðir þjóðminjasafnsins úttekt á hverju safni sem tók til ýmissa þeirra atriða, sem nefnd voru hér áður í tengslum við viðurkenningu safna í Bretlandi. Vonandi nýtast þær skýrslur til að tryggja frekara fjármagn til endurbóta á þeim atriðum sem ekki eru í lagi á hverjum stað.

Þar var þó ekki kveðið á um að söfn skyldu hafa skriflega söfnunarstefnu. Önnur atriði þóttu brýnni í þessum fyrsta áfanga. Ekki er óliklegt að það verði gert í næsta áfanga. Hvenær sem farið verður í hann.

En hvernig gæti slik skrifleg stefna litið út ?

Þar komum við að kjarna málsins og þá koma auðvitað upp ýmis álitamál. Liklega er rétt að varpa nokkrum þeirra upp.

Reynslan sýnir að söfnum hættir til að orða söfnunarstefnu sína með mjög almennu orðalagi og hafa hana of viða. Slik stefnuyfirlýsing tekur þá hvorki mið af því sem safnið á þegar né raunverulegri þörf þess og gerir því ekkert gagn því innan hennar rúmast allt.

Í söfnunarstefnu ber ekki aðeins að nefna þá efnisflokkar sem safnið hefur hug á að safna heldur einnig hina sem ekki er safnað. Hvort tveggja er jafn mikilsvert. T.d. safna sum byggðasöfn ekki ljósmyndum, því það er á verksviði skjalasafns á viðkomandi svæði.

Safnsvæðið verður að vera vel skilgreint og afmarkað, eins og þegar hefur verið komið inn á.

Einnig hlýtur að reyna á hversu djúpt sérhæfing safna ristir. Söfn sem gefa sig út fyrir sérhæfingu eins og Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og Síldarminjasafnið á Siglufirði koma fyrr eða síðar til með að standa frammí fyrir ákveðnum vanda. Þeim eru færðir gripir langt utan við þeirra svið en af svæðinu. Á að afþakka hlutina eða visa annað og þá hvert ? Hitt ætti ekki að verða vandamál þótt munir tengdir síldarvinnslu annars staðar væru gefnir síldarminjasafninu á Siglufirði nema það sé aðeins hugsað sem Síldarminjasafn Siglufjarðar. Sama gildir um sjóminjasöfnin tvö á Eskifirði og Eyrarbakka, sem í raun eru ekki sérhæfð söfn heldur almenn. Heitið á

Sjóminjasafninu á Eyrarbakka er til dæmis þannig til komið að þegar verið var að sækja um styrk til safnsins frá sýslunefnd Árnessýslu og styrkur fékkst ekki til tveggja byggðasafna í sýslunni var góðfúslega bent á það af sýslunefndarmönnum að ef safnið á Eyrarbakka skipti um nafn og héti sjóminjasafn yrði gatan greið og það gekk eftir. Undir nýju heiti fékkst styrkur. Þannig að í raun eru heiti sumra safna eins konar orðaleikur, en eru ekki lýsandi fyrir efnislega samsetningu safnsins.

Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði er eitt af bestu söfnum landsins, vel upp sett og skemmtilega í umgjörð sem hæfir. Það er hins vegar meira en sjóminjasafn, þar er krambúð og iðnaði og þjónustu á Eskifirði eru gerð góð skil. Ettu t.d. áhöldinfrá sälgbætisgerðinni á Eskifirði frekar heima á tækniminjasafni Austurlands á Seyðisfirði ? Auðvitað er sjóminjum alls Austurlands helgað rými í safninu á Eskifirði, en áherslan er samt á Eskifjörð t.d. eru þar myndir af öllum bátum sem hafa verið gerðir út frá Eskifirði, en ekki af hinum fjörðunum. Allt er þetta eðlilegt. Hér eru þessi atriði nefnd vegna þess að þetta eru atriði af því tagi sem hljóta að koma upp í umræðunni um sérhæfingu safna og söfnunarstefnu þeirra.

Allt tengist þetta stærra umræðuefni. Fyrir hvern eru þessi söfn. Eru þau áningastaður ferðamanna annar valkostur við sjoppuna á staðnum. Vé fyrir hina burtfluttu, þegar þeir snúa aftur heim í friinu. Eða hafa söfnin ekki líka einhverju hlutverki að gegna fyrir íbúa byggðarlagsins, sem menningarstofnun í héraði. Þetta verður líka að taka inn í þá umræðu sem gerist hávarari um að söfnin séu orðin of mörg og öll eins og allt það. En nú er ég komin að mörkum umræðuefnisins og læt staðar numið.

Hrefna Róbertsdóttir

Farskólinn og markmið Félags íslenskra safnmanna

Félag íslenskra safnmanna var stofnað 1981 og því orðið 13 ára gamalt. Áður hafði þó vísir að félagini starfað frá 1971. Aðalfundur þess árið 1981 breyttist í stofnfund Félags íslenskra safnmanna. Áherslur í starfi félagsins hafa verið með ýmsum hætti í tímans rás. Mikill kraftur hefur oft verið í félagini og áherslur mismunandi. Félögum hefur fjölgaoð mikið, þrefaldast frá fyrsta árinu, og landsbyggðarfólk orðið virkara í starfi félagsins en áður var. Fyrstu lög félagsins voru samþykkt árið 1981 og hefur lítið verið breytt síðan.

Fagna ég mjög þeirri umræðu sem nú fer af stað og var ljúft að verða við beiðni stjórnarinnar um að hafa framsögn um félagið á Farskólanum í Skagafirði nýverið. Fer pistill sá hér á eftir. Þessi síðasti Farskóli sýnir hve vel heppnaðar þessar samkomur geta verið. Þetta var einn fjölmennasti fundur Safnmannafélagsins hingað til, rúmlega 60 manns mættir eða um 2/3 félagsmanna. Þarna voru umræður miklar og góðar og hópnum sérlega vel tekið af heimamönnum. Ferðalögın og heimsóknirnar í sýslunni voru með eindæmum skemmtilegar og fróðlegar og víst að safnmenn fóru heim með góðar minningar úr þessari ferð.

Þetta var fimmtí Farskóli Safnmannafélagsins. Sá fyrsti var haldinn á Skógum og tókst mjög vel. Varð hann safnmönnum hvatning til að finna þessu samkomuhaldi fastan farveg og hefur skólinn verið starfræktur árlega síðan. Aðrir staðir sem Farskólinn hefur verið haldinn á eru Húnavellir, Laugar og Stykkishólmur, Ísafjörður og núna Skagafjörður.

Rekstur Farskólans er orðinn sá þáttur félagsstarfsins sem einna mest kveður að og sækja hann tugir félagsmanna af öllu landinu. Farskólinn er góður vettvangur til umræðna og endurmenntunar á svíði minjavörsu og safnastarfs. Öll erum við að vinna að því að varðveita, rannsaka, sýna og miðla menningarminjum úr fortíðinni. Áherslur safnanna eru með ýmsum hætti, enda byggjast þær á þeim sögulega veruleika sem fyrir hendi er á hverjum stað.

Pau málefni sem hingað til hafa verið tekin fyrir hafa lotið að ýmsum þáttum í starfi safna. Á Skógum var áhersla lögð á skráningarmál, umbúðir og frágang safngripa auk þess sem hópnum var veitt innsýn í aðferðir formleifafræðinga við uppmælingu rústa. Safnkennsla og tengsl við skóla var aðalefni Farskólans á Húnavöllum. Á Snæfellsnesinu og Dölunum var sjónum beint að því hvað söfn gætu gert til að ná betur til

almennings og hugað að sýningum safna. Í fyrrahaust var förinni heitið á Vestfirðina, til Ísafjarðar, og þar var húsvernd og húsaskráning tekin fyrir.

Í tengslum við þessi efni sem fjallað hefur verið um í Farskólanum, hefur að sjálfsgöðu góður tími verið tekinn í að skoða söfnin í umdæminu og fara í ferðir um söguslöðir undir leiðsogn heimamanna. Eru þessar ferðir mjög mikilsverðar, bæði fyrir aðkomna og heimamenn.

Farskólinn er því orðinn mikilvægur vettvangur í faglegri umræðu og endurmenntun safnmannna á Íslandi og skapar grundvöll fyrir góða samvinnu landshorna á milli. Með hliðsjón af því er því einnig mikilvægt að við getum fengið Farskólanum viðurkenndan hjá menntamálaráðuneytinu. Þar með fengju þátttakendur punkta fyrir aflokin námskeið, sem t.d. geta veitt mönnum rétt til launahækkunar.

Í ljósi þess hvaða sess Farskólinn skipar í starfi félagsins tel ég að endurskoða þurfi lög félagsins í nokkrum atriðum. Engin ákvæði eru í félagslögum um skólann og tel ég ástæðu til þess að því verði breytt.

Bæði tel ég ástæðu til að setja rekstur skólans, og þar með talið kosningu skólanefndar inn í lögini, sem og að breyta ákvæðum um aðalfund félagsins. Mun heppilegra finnst mér að halda aðalfund félagsins á sama tíma og Farskólanum þar sem þorri safnmanna landsins mætir, heldur en að halda fámennan fund í Reykjavík að vori. Tel ég að það muni stuðla að aukinni og lýðræðislegri umræðu í féluginu.

Þróðja grein félagslaganna hljómar svo:

Tilgangur félagsins er:

a) að efla samstarf og kynni milli safna og safnmannana, fjalla um safnamál og ýmsan vanda þeim tengdan, auka þekkingu og fræðslu á söfnum og safnstöfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis.

b) að leitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna, t.d. þannig að félagsmenn með tilskilda menntun hafi forgangsrétt til starfa á söfnum.

Þessum markmiðum má ná með útgáfustarfsemi, fundahöldum, fyrllestrum og ferðalögum.

Pessi grein um tilgang félagsins er í góðu gildi og tel ég litla ástæðu til að breyta henni. Hins vegar mætti bæta við hana ákvæðum um

Farskólann. Fréttabréfið hefur nú verið gefið út um skeið. Það tel ég einnig vera mikilvægan umræðuvettvang sem nær til allra félagsmanna og ástæða til að gera ráð fyrir því í lögnum. Viðbót við þessa þriðju grein gæti hljómað á þennan veg.

- 3 c. að starfrækja Farskóla safnmanna árlega sem vettvang endurmenntunar og faglegrar umræðu um safnamál.
- d. að gefa út fréttabréf

Greinar nr. 4 og 6 fjalla um aðalfund félagsins og legg ég til að þeim veri breytt lítillega til samræmis við fyrri tillögurnar. Það undirstríkaða táknar mögulegar breytingar frá gildandi lögum.

4. Aðalfund skal halda fyrir 1. október ár hvert í tengslum við Farskólann og skal hann boðaður bréflega með minnst hálfsmánaðar fyrirvara. Þá er aðalfundur lögmætur, ef hann er löglega boðaður.
6. Aðalfundur kýs fjögurra manna stjórn: formann, ritara, gjaldkera og farskólastjóra. Auk þess two varamenn, two endurskoðendur, ritstjóra fréttabréfs og farskólanefnd. Kosning skal vera skrifleg sé þess óskað. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Einnig tel ég ástæðu til þess að endurmetsa nokkuð ákvæðið um starfssvið félagsins í lögum þess miðað við hvernig það hefur starfað síðustu ár. Í upphafi er félagið hugsað sem félag þeirra sem starfa við lista-, minja- og náttúrugripasöfn. Áherslan í starfi félagsins síðustu ár hefur legið á starfi byggðasafnanna og lítið hefur orði vart við t.d. náttúrufræðinga í starfinu. Einnig eru þó nokkrir sem standa utan við Félag safnmannna þótt þeir starfi við minjasöfnin. Myndi ég ætla að brýnna sé að félagið nái til þeirra, en t.d. starfsmanna náttúrugripasafna, og styrkja þannig minjavörslu og byggðasögustarf út um land.

Safnmannafélagið er heldur ekki eini vettvangur faglegrar umræðu meðal safnmannna. Íslandsdeild ICOM starfar á víðari grundvelli en Safnmannafélagið, og þar er t.d. vettvangur fyrir umræðu þeirra sem starfa við ýmiss konar söfn, m.a. náttúrufræðisöfn.

Laggreinin um félagana gæti hljómað á þessa leið:

Lagagreinin um félagana gæti hljómað á þessa leið:

2. Félagar geta þeir orðið sem lokið hafa námi í greinum sem nýtast í starfsemi minja- og byggðasafna. Ennfremur þeir sem starfa, eða hafa starfað, við slík söfn. Intaka nýrra félaga er háð samþykkt félagsfundar.

Þegar afstaða er tekin til þessa atriðis, þarf að velta fyrir sér meginþakmarki félagsins. Hver er hinn sameiginlegi þráður sem tengir starfsemi byggðasafnanna saman? Að mínu mati er það fortíðin og saga, saga byggðarlaganna í víðum skilningi og tengslin við sögu þjóðarinnar. Byggðasöfnin þjóna mikilvægu hlutverki bæði í söfnun, varðveislu, rannsóknum og miðlun hins liðna veruleika með ýmsum hætti.

Félag safnmannna þjónar því mikilvægu hlutverki í að stilla saman krafta okkar sem félag þeirra starfsmanna sem starfa við söfnin. Minjavörður, safnvörður eða önnur störf í tengslum við söfn, eru ekki lögvernduð starfsheiti. Við söfnin starfar fólk með ólíkan bakgrunn, ýmist háskólamenntað eða ekki. Þeim fyrnefndu hefur þó fjölgað síðustu árin, sérstaklega í tengslum við stóru söfnin. Enda hlýtur það að vera fjölbreyttur hópur sem tekur að sér að hafa yfirsýn yfir minjagildi fortíðarinnar, hin ýmsu svið, og misjafnt í hverju tilfelli hvaða menntun eða starfsreynsla nýtist best. Fortíðin eins og samtíðin er fjölbreytt, og þar með einnig saga atvinnuháttar, byggingarárfs, félagslífs og heimilishaga forvera okkar á Fróni. Það er styrkur íslenskra safnmannna að hafa fjölbreyttan bakgrunn og mikilvægt að nýta Farskólann vel í því að læra hvort af öðru.

Í tengslum við þessar tillögur mínar um lagabreytingar sem ég varpa hér fram til umræðu í féluginu, vil ég leggja það til við stjórn félagsins að hún standi fyrir því að þeim starfsmönnum byggðasafna sem ekki eru í féluginu verði boðin aðild sem og að þau söfn sem ekki tengjast því nú þegar komist á kortið. Það er heldur ekki úr vegi að beina því til forstöðumanna safnanna að kynna félagið fyrir starfsmönnum sínum sem ekki eru félagsmenn. Tel ég það vera allri minjastarfsemi í landinu til framdráttar, að sem flestir sem starfa við hana hafi aðgang að þeirri umræðu sem á sér stað innan félagsins, og hún verði til þess að gera starfið öflugra og árangurinn meiri.

Hópur um þjónustu

Hópurinn vildi leggja á það áherslu að rannsóknir eru líka þjónusta og þær megi alls ekki vanrækja þótt þær skili ekki árangri fyrr en löngu seinna. Þá er mikill hluti þjónustunnar ósýnilegur, til dæmis svör við ótal fyrirspurnum í síma. Ekki var talið fært að afsegja slíka þjónustu þótt hún gerist ekki síður utan vinnutíma. Huga þarf að því að draga sem oftast fram ný sjónarhorn á munum í eigu safnanna.

Þá voru menn á þeirri skoðun að enn meira máli skipti að gera gesti ánægða heldur en að auka fjölda þeirra. Sömuleiðis töldu menn að höfuðmáli skipti að veita sannar upplýsingar fremur en að auka aðsókn með hæpnum fullyrðingum um til dæmis vískinga eða dularverur þótt gestir séu einatt býsna forvitnir um þvílik fyrirbæri.

Hvað snerti svonefnda þjónustulund, var ekki talið að öllum væri lagið að vera skemmtikraftur fyrir gesti. Hinsvegar bæri öllum safnmönnum að vera alúðlegir við gesti án þess þó að bukta sig eða beygja. Áltið var að flestir gestir vildu láta stýra sér nokkuð við leiðsögn.

Nokkuð var um það rætt hvort gæslufólk mætti eða ætti að stunda leiðsögn. Upphaflegt hlutverk þess er að gæta þess að munir séu ekki skemmdir eða þeim stolið. Nauðsyn var talin á að bæta sýningartexta og hafa þá einnig á erlendum málum. Þeir ættu að vera stuttir en umfram allt réttir.



Vestmannaeyjabyr

Minnispunktar í framhaldi af umræðum að morgni 11.sept. 1993
í Farskóla Safnmannar að Löngumýri:

Það kom í okkar hlut að hugleiða SÖLULEIDIR, smbr. hring 4 í skipuriti Magnúsar Pálssonar, markaðsráðgjafa.

Ýmislegt bar á góma, hvernig gera mætti söfnin betri með því að ná enn frekar athygli fólk og auka aðsókn að þeim.

Töldum nauðsynlegt, að hvert safn ætti sitt merki til að auglýsa og minna á sig.

Lofað var framtak Íslandsdeildar ICOM með útgáfu veglegs rit um SÖFN Á ÍSLANDI, svo og var þakkað fyrir ÞJÓDMINJAKORTIÐ, en ekki var hjá því komist, að lasta allt of margar villur, sem bráð nauðsynlegt er að leiðréttu.

Söfnin eiga að notfæra sér nýjar fjárlunarleiðir m.a. með samstarfi við þekkt fyrirtæki, sem nú eru að leggja fjármuni til ýmissa þarfamála, nýjustu dæmin eru átak í gróðurvernd og skógrækt, svo nokkuð sé nefnt.

Öll vorum við sammála um, að vel hafi tekist til hjá stjórn Félags safnmannar og forráðamanna þessa Farskóla að velja M.P. til að kynna "NÝ viðhorf í markaðsmálum" - hvernig gæðastjórnun nýtist safnmönnum - .

Lifleg og uppbryggileg skoðanaskipti og umræður verða hvatning til að gera betur. Það er metnaðarmál allra safnmannar að hefja söfnin til enna meiri vefsauka, og ætla þeim stærri sess í þjórlífinu til eflingar íslenskri menningu í nútíð og framtíð.

.....
Við sem að þessu framlagi stóðum, komum frá Árbæjarsafni, Akranesi Áernes-sýslu, Nesstofu og Vestmannaeyjum .

Með yvinsemد og kveðjum .

Löngumýri lengi lífi !!!!

Gunnar Ólafsson

RADHÚSINU
902 VESTMANNAEYJUM
POSTHOLF 60
SIMI (98) 11088
TELEFAX (98) 12909
KENNITALA 690269-0159

Farskóli safnmannna 1993.
Efni: markaðsmál safna.

Umræðuhópur bar sem fjallað var um efnið **Upplýsingar um markaðinn**, þ.e. hverjir eru viðskiptavinir safnanna? Um samkeppni á markaðnum,- nýja strauma, og ekki síst skipulag innra starfs safnanna, þ.e. verkaskiptingu, upplýsingastreymi, stefnumörkun stjórnenda og starfsanda innan dyra.

Hópurinn tók undir þau sjónarmið Magnússar Pálssonar viðskiptafræðings og stjórnanda námskeiðsins, að safnamönnum, eins og öðrum, bæri að huga að sínum viðskiptavinum, og spryja um þarfir þeirra, óskir og væntingar. Það væri úreltur hugsunarháttur að spryja aðeins, hvað viljum og getum við? Heldur - hvað vilja þau þarna úti,- hvernig getum við náð athygli þeirra og áhuga? Menn eru allstaðar í þjóðfélaginu að fjalla um ný viðhorf í markaðsmálum, og ættu safnmenn að kynna sér þau, og draga lærðom af reynslu annarra í þeim efnum.

Söfnin ættu í mikilli samkeppni við ótal margt annað um tíma og athygli fólks.

Sagt er að Íslendingar komi að meðaltali þrisvar á ævinni í sitt staðarsafn, þ.e. sem barn, foreldri með barn og loks með barnabörn/eða sem elliðfeyrisþegi. Þessu þarf að breyta.

Í Þjóðminjasafninu er nú í haust verið að kanna viðhorf gesta til safnsins, í tengslum við tímabundið markaðsátak.

Starfsfólk Árbæjarsafns upplýsti, að búið væri að tölvuvæða gestalista safnsins, og nú væri verið að vinna úr upplýsingum sem þar kæmu fram. Gestir eru þar flokkaðir eftir þjóðerni, aldri, kyni o.fl. og fjöldinn skoðaður, og fylgni við dagskrátröðin könnuð. Sem sagt, þarna er reynt að skilgreina markhópana.

Menn voru sammála um að tíminn væri söfnum hliðhollur. Hér væri ríkjandi þjóðernisvakning, og mikill áhugi á landi, þjóð,sögu og minjum. Nauðsynlegt væri að hvert safn fylgdist með ríkjandi straumum og nýtti sér þá, og fynni sinn sérstaka farveg og tilverurétt. Neft sem dæmi: áhugi á heilsurækt og heilsugrósum í tengslum við Nessstofusafn. Ef til vill mætti safna minjum og myndum um hestamennsku í Skagafirði og laxa í Borgarfirði,- og fleiri hugmyndir voru reifaðar.

Miklar umræður urðu um innra starf safna, jafnt meðal þeirra sem komu frá stórum söfnum og smáum. Á þeim væri stigsmunur en ekki eðlismunur. Þegar unnið er markvisst að ákveðnu, velskilgreinu verkefni, þá er starfsandinn góður, það er staðreynd. Stjórnun innan húss er geysilega mikilvæg,- og að vinnuáætlun sé öllum skýr. Allir lýstu eftir skýrt markaðri vinnustefnu þar sem hlutverk hvers og eins væri skilgreint og vel kynnt jaft meðal samstarfsmanna og viðskiptamanna safnanna . Fram kom áskorun til Þjóðminjasafnsins um að vera þar í fararbrotti, því eftir höfðinu dansi límirnir.

PK

Hópur um gæðamál

Þetta var fjölmennasti hópurinn, við byrjuðum á að ræða vitt og breitt um þau atriði sem þarf að huga að varðandi gæðamál og söfn, hér að neðan fer listi yfir helstu atriði:

1. Samskipti manna á vinnustað þurfa að batna.
2. Texti við sýningagripi, aukinn og bættur, aukið upplýsingastreymi til safngesta.
3. Opnumartími safna, þarf endurskoðun.
4. Merking safngripa, þannig að safnnúmer skaði ekki gripinn, en sé samt aðgengilegt.
5. Sýningagerð.
6. Samstarfsverkefni, farandsýningar og annað er lítur að samstarfi safna.
7. Móttitaka gesta, viðmót starfsfólks, kynning á safni o.frv.
8. Leiðsagnir, fyrir ýmsa hópa.
9. Fjölgun gesta og aukning í þeim hópum sem fáir safngesta koma úr.
10. Umhirða sýninga og gripa á þeim.
11. Útgáfustarfsssemi.
12. Bæklingar, rekstur og fjárfestingar.
13. Geymslur.
14. Markmið og stefnumörkun.

Að lokinni þessari upptalningu var hópnum skipt í minni hópa sem greindu vandamálin með hinni svokallaðri fiskibeinsaðferð sem Magnús kenni. Niðurstöður úr þeim hópum eru ekki birtar hér.

Gæðastjórm

Hópastarf

3. Markaðsstefna

Í þessum hópi var markaðsstefna umræðuefni. Í forystu fyrir hópnum var ferðamálafulltrúi Skagafjarðar, og því var ákveðið að beina umræðunum inn á Skagafjörð sem dæmi.

Markmiðið var að reyna að ná til breiðari hóps gesta og reyna að ná til íslendinga á eigin vegum öðrum fremur. Einnig var rætt um að höfða til íslenskra hópa, eins og t.d. vinnustaða.

Gengið var út frá peirri stefnu ferðamálaráðs sýslunnar að gera út á Glaumbæ og söguna, hestamennsku og Drangeyjarferðir. Í tengslum við Glaumbæ væri hægt að tengja þetta líka saman, ganga út frá "söguferðamennsku".

Leiðirnar að því að fá fleiri gesti gætu m.a. verið þær að styrkja þá ímynd sem Glaumbær hefur sem sögulegur staður. Þar var átt við að koma á meiri starfsemi í tengslum við bæinn, og þá einnig í Áshúsinu sem þangað hefur verið flutt. Þar mætti setja upp sýningar frá öðrum tíma og um annað en lífið í torfbæ. Einnig að sýna vinnubrögð og skipuleggja ferðir á söguslóðir, jafnvel setja á svíð sögulega atburði í samvinnu við leikfélag. Veitingarekstur í Áshúsinu töldum við líka skipta máli til að fá fólk á staðinn sem og til að geta boðið hópum upp á "pakkafærðir", leiðsögn um safnið, ferðir á söguslóðir (jafnvel á hestum) og veitingar í tengslum við þetta. Merkingar söguslóða í sýslunni taldi hópurinn einnig myndu verða aðkomumönnum til þægindaauka, og væri líklegt til að auka fjölda þeirra sem litu við á safninu.

Leiðir til kynningar voru einnig ræddar. Þar var helst rætt um að reyna að auka almennan fréttatflutning af því sem væri að gerast á safninu, halda tengslum við fréttaritara og reyna að komast að sem viðast með upplýsingar um starfsemina. Almennar auglýsingar þóttu fremur dýr kostur.

1.	Aðalbjörg Ólafsdóttir	Árbæjarsafni
2.	Anna Kristinsdóttir	Víðimýri
3.	Anna Lísa Guðmundsdóttir	Árbæjarsafni
4.	Árni Björnsson	Þjóðminjasafni
5.	Björg Einarssdóttir	Burstafelli
6.	Egill Ólafsson	Hnjóti
7.	Elísabet Sigurgeirsasdóttir	Blönduósí
8.	Geir Hólm	Eskifirði
9.	Guðlaugur Þórðarson	Árbæjarsafni
10.	Guðleifur Sigurjónsson	Keflavík
11.	Guðmundur Sveinsson	Neskaupsstað
12.	Guðni Halldórsson	Húsavík
13.	Guðný G. Gunnarsdóttir	Akureyri
14.	Guðrún Harðardóttir	Árbæjarsafni
15.	Guðrún Jónsdóttir	Blönduósí
16.	Guðrún Kristinsdóttir	Egilss töðum
17.	Guttormur Jónsson og frú	Akranesi
18.	Hafðís Halldórsdóttir	Árbæjarsafni
19.	Halldór Sigurðsson	Egilss töðum
20.	Hallgerður Gísladóttir	Þjóðminjasafni
21.	Hallgrímur Helgason	Þorbjarnarstöðum
22.	Hanna Rósa Sveinsdóttir	Akureyri
23.	Hjalti Pásson	Sauðárkróki
24.	Hrefna Róbertsdóttir	Árbæjarsafni
25.	Hörður Geirsson	Akureyri
26.	Inga Lára Baldvinsdóttir	Þjóðminjasafni
27.	Jens Pétursson	Árbæjarsafni
28.	Jóhann Friðfinnsson	Vestmannaeyjum
29.	Jón Haukdal	Reykjum
30.	Júlíanna Gottskálksdóttir	Listasafni Íslands
31.	Kristinn Magnússon	Nesstofu
32.	Kristján Runólfsson	Sauðárkróki
33.	Kristveig Björnsdóttir	Kópaskeri
34.	Lilja Árnadóttir	Þjóðminjasafni
35.	Lýður Björnsson	Selfossi
36.	Magnús Gestsson	Laugum
37.	Magnús Pálsson og fjölsk.	Reykjavík
38.	Margrét Hallgrímsdóttir	Árbæjarsafni
39.	Margrét Jónasdóttir	Árbæjarsafni
40.	Margrét Gísladóttir	Þjóðminjasafni
41.	Mjöll Snaðsdóttir	Reykjavík
42.	Nikulás Úlfar Másson	Árbæjarsafni
43.	Ólafur Axelsson	Árbæjarsafni
44.	Ragnhildur Vigfúsdóttir	Reykjavík

45.	Sigríður Sigurðardóttir	Glaumbæ
46.	Sigrún Ásta Jónsdóttir	Þjóðminjasafni
47.	Sigurður Pálsson	Baugstöðum
48.	Skía	Árbæjarsafni
49.	Unnur Björk Lárusdóttir	Árbæjarsafni
50.	Vigfús Vigfússon	Sauðárkróki
51.	Þór Magnússon	Þjóðminjasafni
52.	Þórður Tómasson	Skógum
53.	Þóra Kristjánasdóttir	Þjóðminjasafni
54.	Þóra Magnúsdóttir	Stykkishólmi
55.	Örlygur Kristfinnsson	Siglufirði

Vísur úr gestabókinni á Löngumýri eftir ósk húsfreyju:

Löngumýrar grautur grænn
 grösum ljúfum búinn
 maturinn var mikið vænn
 mark á skilið frúin

MG

Indæla súpu eg héru fæ
 óskin væri slík
 að súpan rynni sí og æ
 suður í Reykjavík

ÁB

Fundur norrænna safna- og safnmannafélaga.

Dagana 29.-30. september s.l. var haldinn í Kaupmannahöfði samráðsfundur norrænna safna-og safnmannafélaga. Fundað var í húskynnum Statens Museumsnævn, sem hefur aðsetur sitt í gömlu fallegu húsi í Nýhöfn, og var hin margrómaða danske "hygge" allsráðandi á fundinum.

Fundurinn var haldinn í boði dönsku safnafélaganna, Dansk Kulturhistorisk Museums Forening (DKM), Forening for Danske Kunstmuseer (FDK), og Dansk Naturhistorisk Museums Forening (DNM). Hann sátu auk fulltrúa þeirra, fulltrúar frá finnsku safnasamtökunum Finlands Museiförbund, norsku safnasamtökunum, Norske Kunst-og Kulturhistoriske Museer (NKKM), og Norske Naturhistoriske Museers Landsförbund, sánska safnafélaginu, Svenska museiföreningen (SMF), og undirrituð frá Félagi físlenskra safnmannna. Auk þess voru mættir fulltrúar frá sérfraðingahópi sem norræna ráðherranefndin hefur skipað, frá dönsku ríkissafnanefndinni, Statens Museumsnævn (SMN). Skólastjóri Museumshöjskolen og fulltrúi úr ritstjórn Film & Video Nytt sátu hluta fundarins.

Fundurinn var kymningar og samráðsfundur og samkvæmt fundarboði voru mörg mál á dagsskrá. En eins og oft verður reyndist tíminn of stuttur, eða málin of mörg, og því var ekki hægt að gera öllu taemandi skil. Helstu málin voru starfssemi og starfsskilyrði safna, fjármögnun safna, fornleifarannsóknir, norrænt samstarf safna, markaðsmál og tengsl við ferðabjónustu, menntunarmál safnmannna. Þá ætla að gera stuttlega grein fyrir því sem rætt var en hér verður aðeins tæpt á því helsta, ég mun gera nánari grein fyrir umræðunum á fundi í Safnmannafélaginu þann 7. desember n.k.

Í upphafi fundar var gerð grein fyrir starfssemi og starfsskilyrðum safna f hverju landi, sérstaklega með tilliti til lagasetninga og skiptingu ábyrgðar, og stöðu safna gagnvart ríki og sveitarfélögum. Þar kom í ljós að hinn lagalegi rammi sem söfnin starfa innan er nokkuð misjafn rá einu landi til annars. Danmörk er eina landið þar sem til eru sérstök safnalög sem ná yfir starfssemi allra safna. Í hinum löndunum eru lagasetningar margar og sértekar, ná þá aðeins til einstakra safna, t.d. ríkissafnanna, eða einstakra þáttu minjavörlunnar. Skipulag safnastarfins er líka mismunandi, og má þar t.d. nefna hlutverk ríkissafnanna. Í Svíþjóð eru 10 ríkissöfn ábyrgðarsöfn, og fara þá með yfirumsjón á ákvæðnum svíðum. Noregi og Svíþjóð stendur nú yfir allsherjar endurskoðun á safnamálum, löggið og skipulagi, og er búist við breytingum í kjölfarið. Danir skýrdu frá því í hvernig ríkissafnanefndin, SMN starfar. Hún metur hvort söfn eru hæf til að hljóta ríkisstyrki og skiptir fjárveitingu ríkisins milli safna. Nefndin er eingöngu skipuð safnmönnum, er það sem danir kalla "kollegial" og þeir leggja mikla áherslu á að réttast sé að þeir sem þekkjá best til safna, þ.e. safnmenn, hafi yfirstjórn þeirra í sínum höndum.

Fornleifamálin brenna á ýmsum öðrum en íslendingum. Sænskir safnmenn eru mjög órólegir vegna væntanlegra breytinga á þessu svíði. Í nýlegri skýrslu um fornleifamál, HUR-rapporten, eru lagðar til grundvallarbreytingar á tilhögun þeirra mála. Þar er gert ráð fyrir að einkafyrirtæki geti stundað fornleifarannsóknir sem verktagar. Sænskir safnamenn telja að ekki sé ljóst hverjir eigi að bera ábyrgð á fornleifarannsóknum. Þeim finnst mikilvægt að spyrja hvar þekkingin verði til, því þekking býr í einstaklingum, sem hingað til hafa verið inni á söfnunum. Svo hvað þýðir það þá fyrir söfnin ef rannsóknastarfsemi færst frá þeim yfir til einkaaðila? Ekki virðast svipaðar hugmyndir hafa komið upp annars staðar. Í umræðum um fjármál safna bar ýmislegt á góma. Rætt var um hina hefðbundu fjármögnun safna á Norðurlöndum, þ.e. með opinberum framlögum, en breytt þjóðfélagsástand hefur neytt söfn til að leita annarra leiða til fjármögnunar. Bent var á að það væri eitt megin-einkenni safna á Norðurlöndum að hið opinbera fjármagnaði starfsemi þeirra. Nú væru hins

vegar gerðar æ meiri kröfur um að söfnin afli sértekna, m.a. með því að taka þjónustu sem áður var veitt ókeypis.

Umræða um markaðsmál tengdist auðvitað fjármálaumræðunni. Spurt var um það hvernig söfnin geti bætt fjárhag sinn þegar opinber fjárfamlög dragist saman. Þá verða söfnin háðari framlögum frá öðrum og eigin tekjum, sérstaklega til ýmissa sérverkefna. Því var velt upp hvort söfnin þurfir að fara að taka gjöld fyrir safnöknum, ráðgjöf á svíði húsværðar og fornleisaverndar. Skoðanir á þessu eru mjög skiptar eins og þegar kom fram í umræðum um fjármál safnanna. Sumum finnst varhugavert að fara of langt inn á þessar brautir, en aðrir vildu meina að söfnin eigi ekki annara kosta völ, og að með niðurskurði síðustu ára hafi þau nú þegar verið rekin út í eigin fjárfóflun.

Fulltrúar úr sérfræðingahópi sem norræna ráðherranefndin hefur skipað til að koma með tillögur um norrænt samstarf safna kynntu starf hópsins. Það sem fyrst og fremt vakir fyrir ráðherranefndinni með skipun sérfræðingahópsins er að kenna hvernig hægt er að haga samstarfi á svíði safnamála á Norðurlöndum. Það samstarf á að vera sem vífðækst og ná til allra þáttu safnastarfs. Sú staðreynd að málið er teknikupp nú má skoða í samhengi við umræðu um sjálfssímynd norrænu þjóðanna sem nú fer fram á vettvangi norrænnar samvinnu, og þá hafi þá ráðamönnum orðið ljóst að þar mætti virkja söfnin, því að þau eru vel til þess fallin að varðveita sjálfssímynd þjóðar. Hópnum er uppálagt að leggja áherslu á menningaráfinn í heild sinni og samvinnu á öllum svíðum safnastarfs, og móta afmörkuð verkefni.

Á fundinum spratt upp athyglisverð umræða um sérstöðu norrænna safna, eða norrænnar safnastefnu. Söfnin eru í raun alþýðuhreyfing, í þeim skilningi að þau eru sprottin úr alþýðulegum jarðvegi. Þetta er helsta einkenni safna á Norðurlöndum, ásamt valddreifingu, og því að þrátt fyrir hana er til sameiginleg sýn á söfn. Það mætti því tala um norræna safnamenningu, eða safnaímynd. Það var líka talað um samfélagslegan samning sem í gildi er milli safna og yfirvalda. Pessar hugmyndir eru mjög athyglisverðar og full þörf að ræða þær meðal íslenskra safnmannna.

Í umræðum um menntunarmál safnmannna kom fram að stofnaður hefur verið samráðshópur um endurmenntunarmál. Þegar hefur verið ákvæðið að opna námskeið í hverju landi fyrir þáttakendur frá hinum Norðurlöndunum og eftirlieðis að auglýsa þau í öllum löndunum. Ákvæðið var að Museumshójskolen verði tengilliður á þessu svíði, safni saman upplýsingum um námskeið sem í boði eru og miðli þeim áfram. Menntunarmál safnmannna er meðal þess sem sérfræðingahópurinn fjallar um og var lögð mikil áhersla á að þar þyrstu að koma fram tillögur um endurmenntun og um vinnuskipti, þ.e. að starfsmenn gætu skipti á starfi um tíma, og fengið þannig takifær til að vinna á safni í öðru landi.

Að lokum flutti Gudrun Gormsen frá Danmörku mjög athyglisvert erindi um safnahugtakið, og þörf þess að endurskoda það og víkka, þannig að það nái líkfa til þess sem nú er kallað menningarlandslag. Þar sem því var lofad að erindið verði sent út sé ég ekki ástæðu til að endursegja það hér, en heiti því frekar að gera því skil síðar.

Það er ljóst að norrænir safnmenn eiga um margt samleið, og að mikilvægt er fyrir okkur að taka fullan þátt í samstarfi norrænna safnfélaga. Það er áformáð að fundur sem þessi verði haldinn árlega og er stefnt að næsta fundi í Stokkhólmi vorið 1994.

Akureyri í nóvember 1993
Guðny Gerður Gunnarsdóttir

Fundur verður haldinn í Félagi íslenskra safnmanna
fimmtudaginn 9. des kl. 17.00. í kaffistofu
Þjóðminjasafns Íslands.

Fundarefnni:

1. Inntaka nýrra félaga
2. Frumvarp til laga um yfirstjórn menningarstofnana
3. Farskólinn 1994
4. Kyndilmessa 1994
5. Önnur mál sem upp kunna að verða borin.
6. Guðný Gerður Gunnarsdóttir segir frá fundi norrænna safnmannasamtaka sem hún sótti nýverið f.h. félagsins.

Boðið verður upp á jólaglögg og piparkökur

MÆTUM VEL OG STUNDVÍSLEGA

*Útgefandi: Félag íslenskra safnmanna, riðstjóri, Sigrún Ásta Jónsdóttir,
heimilisfang, Suðurgata 41, 101 Reykjavík*